

Mál nr. 104/2017**M
og****vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar (A).****Ágreiningur um hvort bótakrafa vegna umferðarslyss sé fallin niður vegna fyrningar.****Gögn.**

Málskot, móttakið 20.3.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 23.3.2017, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 24. október 2011 varð M, sem þá var 14 ára gamall, fyrir bifreiðinni A á Löngulínu í Garðabæ. Daginn eftir leitaði M á slysa- og bráðadeild LSH. Í læknabréfi frá deildinni kemur fram að hann hafi fengi högg á vinstri fótlegg og dottið í götuna. Hann hafi strax fengið verk í fótlegginn en síðar að kvöldi slysdagsins hafi hann einnig fengið verk í vinstri upphandlegg og í mjóbak. Við læknisskoðun hafi hann m.a. haft þreifiefymsli yfir vöðvum „paravertebralt“ í mjóbaki, meira vinstra megin. Engin bankeymsli hafi verið yfir hrygg og ekki þreifiefymsli yfir hryggjartindum. Þegar hann sneri höfði hafi tekið aðeins í vöðva í hálsinum og hann hafi fundið til í mjóbakinu við að beygja sig fram og snúa sér til vinstri.

M leitaði til heimilislæknis 17. febrúar 2012. Í læknisvottorði heimilislæknisins, dags. 16. ágúst 2016, segir að í læknisheimsókninni í febrúar 2012 hafi M verið með verk í mjóbaki og vinstri öxl af og til. Við skoðun hafi hann verð svolítið stírdur í mjóbaki. Eymsli hafi verið við þreifingu yfir lendhryggnum og „paraspinal“ vöðvum á því svæði. Hann hafi verið með ágætis hreyfingu í háls hryggnum og hvergi sérstaklega aumur þar. Örvæg eymsli hafi verið yfir vöðvafestum í vinstri öxl en með fulla hreyfigetu og „isometrskar“ hreyfingar verið eðlilegar. Vísaði læknirinn M til sjúkrahjálfa.

M mun svo hafa verið til meðferðar hjá sjúkrahjálfa í 15 skipti fram í desember 2012.

Samkvæmt símtali við heimilislækninn 15. ágúst 2013 var M enn þá slæmur í bakinu. Hann hafi verið í sjúkrahjálfun en ekki gengið nógu vel. Vildu foreldrar að hann hitti B, nánar tilgreindan bæklunarskurðlækni.

Samkvæmt fyrirliggjandi göngudeildarnótu kom M til skoðunar hjá B 17. október 2013 í fylgd móður sinnar. Við skoðun hreyfði M sig algerlega eðlilega. Í standandi stöðu hafi hryggstaðan verið bein, „engin eymsli í miðlínu og ef nokkuð aðeins yfir aftari mjaðmarkömbum beggja vegna kannski ívið meira hæ. megin en vi. megin með aðeins aukinni spennu í paravertebral vöðvum lumbalt þeim megin.“ Taldi læknirinn allar líkur á að um væri að ræða „functionel“ óþægindi, sennilegast tengd baktognun í slysinu í október 2011. Hafi hann veitt M ráðleggingar á hans eigin forsendum. Kemur fram í nótunni að M hafi reynt sjúkrahjálfun með takmörkuðum árangri og ekki sé mælst til frekari slíkrar meðferðar. Frekara eftirlit hjá B var ekki fyrirhugað.

Síðar var M til rannsóknar hjá barnalækni og taugalækni vegna einkenna frá baki.

Samkvæmt matsgerð tveggja lækna, dags. 25. janúar 2017, var M metinn með 15 stiga varanlegan miska og 15% varanlega örorku af völdum slyssins. Heilsufar eftir slysið taldist hafa verið orðið stöðugt 24. janúar 2012. Þá var talið fyrst tímabært að meta afleiðingar slyssins 24. október 2012 eða réttu ári eftir að það bar að höndum.

M hefur krafist bóta fyrir líkamstjón sitt úr lögmæltri ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu með vísan til þess að tímabært hafi verð að meta afleiðingar slyssins 24. október 2012 eins og fram komi í fyrrgreindri matsgerð. Fjögurra fyrningarfrestur samkvæmt 99. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 hafi því byrjað að líða um áramótin 2013/2013 og því sé bótakrafan nú fyrnd.

Álit.

Samkvæmt 99. gr. umferðarlaga fynast allar bótakröfur samkvæmt XIII. kafla laganna, þar á meðal bótakröfur á grundvelli 88. gr. laganna, bæði á hendur þeim sem ábyrgð ber og vátryggingafélagi, á fjórum árum frá lokum þess almanaksárs sem kröfuhafi fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar. Kröfur þessar fynast þó í síðasta lagi á tíu árum frá tjónsatburði.

Í fyrirbyggjandi matsgerð segir það eitt að 24. október 2012 hafi fyrst verið tímabært að meta afleiðingar slyssins fyrir M. Ekki verður séð að í matsgerðinni sé nánari grein gerð fyrir því hvað búi að baki þessari dagsetningu. Eru ekki næg efni til að byggja á matsgerðinni einni og sér að út frá þessu tímamarki megi fullyrða að í lok árs 2012 hafi M fengið vitneskju um kröfu sína og átt þess kost að leita fullnustu hennar.

M leitaði til heimilislæknis í febrúar 2012 og var í kjölfarið í meðferð hjá sjúkrahjálfa í 15 skipti til loka þess árs. Í ágúst 2013 var þess óskað að M kæmist til skoðunar hjá bæklunarskurðlækni og gekk það eftir í október sama ár. Því sem fram kom við þá skoðun hefur verið lýst hér að framan. Verður að telja samkvæmt gögnum málsins að það hafi verið fyrst eftir þá skoðun sem M hafi fengið vitneskju um kröfu sína og átt þess fyrst kost að leita fullnustu hennar. Í ljósi þessa telst krafa M ekki vera fyrnd og á hann því rétt á bótum fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingunni hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A, hjá V.

Reykjavík, 10. apríl 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.